



Reykjavík 9. mars 2021

Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105, Reykjavík

Rammasamningur um vinnuföt og persónuhlífar fyrir umhverfis og skipulagssvið. Útboð 14868

Umslag B - verðtilboð í ofangreint útboð, Rammasamning um vinnuföt og persónuhlífar, var opnað á innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar miðvikudaginn 7. mars kl. 10:00. Alls voru skiluð 24 tilboð frá 8 aðilum, en þar af voru 8 tilboð sem uppfyllu ekki lágmarksköfur.

Útboðið var skipt í þrjú hluta.

Hluti 1 Vinnu-, hlífðar- og skófatnaður var metinn út frá verði 60% og gæða og þægindamati 40%.

Hluti 2 Persónuhlífar voru metnar 100% út frá verði.

Hluti 3 Hlífðarfatnaður – ekki í sýnileikalit var metinn út frá verði 25% og gæða og þægindamati 75%.

Lagt er til innkaupa- og framkvæmaráðs að gengið verði að hagkvæmasta tilboði á grundvelli ofangreinds hlutfalls verðs og gæða sbr. kafla 0.8 í útboðsskilmálunum tilboði frá KH vinnuföt ehf. í hluta 1 að upphæð kr. 12.355.550 án vsk. og í hluta 3 að upphæð kr. 308.950 án vsk., en við Heildverslunin Rún ehf. í hluta 2 að upphæð 2. 138.585. Heildartilboðsverð er reiknað út frá áætluðu magni á ári, gildistími samningsins er 4 ár.

Bjóðendur KH vinnuföt ehf. og Heildverslunin Rún ehf hafa staðist fjárhagsskoðun innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar og kröfur Umhverfis- og Skipulagssviðs sem gerðar voru í útboðsgögnum.

Virðingafyllst,

Hafsteinn Viktorsson

Deildarstjóri

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlandsins - Hverfastöð Fiskislóð 37C

Hjálagt:

Opnunarfundargerð.

Trúnaðarmerkt: Niðurstaða mats USK

Svarbréf til bjóðenda.